

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, jarðstrengur frá virkjanasvæði Þeistareykja að Kópaskerslínu við Höfuðreiðarmúla.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. júní 2012 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn Norðurþings þann 24. apríl 2012. Niðurstaða bæjarstjórnar var birt 21. júní 2012.

Í breytingunni felst að heimilt verður að leggja 66 kV jarðstreng í vegöxl Reykjaheiðarvegur á um 1 km kafla frá sveitarfélagamörkum við Þingeyjarsveit að Kópaskerslínu við Höfuðreiðarmúla. Breytingin var háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 27. júní 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. júlí 2012